

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir líknarfélagið **Þrepið**
sem staðfest var 30. október 1991, nr. 522.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

2. gr. orðist svo:

Tilgangur félagsins er að styðja fólk sem á við félagslegan vanda að etja, s.s. vegna ofneyslu áfengis eða annarra vímugjafa, til að öðlast sjálfstæði og ná fótfestu í samfélaginu. Þrepið skal einnig stuðla að framförum í grunngerð samfélagsins sem lúta að bættri menntun, auknu gagnsæi og jafnari tækifærum þegnanna til að hafa áhrif á samfélagslega ákvörðunartöku.

3. gr. orðist svo:

Að tilgangi félagsins skal unnið með því að reka verndað áfangheimili fyrir skjólstæðinga þess, eða eftir öðrum leiðum sem miða að því að skapa þeim réttmæt tækifæri í samfélaginu, t.d. með fjárstyrkjum til einstaklinga og félagasamtaka.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 4. maí 2009.

Ríkarður Másson.

Helgi M. Ólafsson.